



## HLUTHAFAFUNDUR ARION BANKA 5. SEPTEMBER 2018

---

**EFTIRTALINN AÐILI ER Í FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR ARION BANKA Á HLUTHAFAFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR MIÐVIKUDAGINN 5. SEPTEMBER 2018:**

**Benedikt Gíslason.** Benedikt er fæddur árið 1974. Benedikt útskrifaðist með C.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.

Í dag starfar Benedikt sem ráðgjafi og situr í stjórn Genís hf., EC Hugbúnaðar ehf. og EC Software Sweden auk þess að vera varamaður í stjórn Brekkuás ehf. Benedikt hefur áður m.a. starfað sem ráðgjafi hjá Kaupþingi og hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka auk þess að hafa sinnt margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka, m.a. sem framkvæmdastjóri verðbréfasviðs og síðar forstjóri. Þá starfaði Benedikt áður sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá FL Group og hjá eiginviðskiptum og markaðsviðskiptum hjá Íslenska Fjárfestingarbankanum (e. The Icelandic Investment Bank – FBA), síðar Íslandsbanki-FBA. Benedikt sat áður í stjórn Kaupþings og VÍS. Benedikt hefur ekki unnið beint fyrir Arion banka hf. og er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Benedikt Gíslason óháðan félaginu en háðan stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.